

Sp. 111. Tillaga til þingsályktunar [107. mál]

um að setja upp lýsingu á Suðurlandsvegi um Hellisheiði.

Flm.: Eggert Haukdal, Guðni Ágústsson, Margrét Frímansdóttir,
Guðmundur H. Garðarsson, Unnur Stefánsdóttir,
María E. Ingvadóttir, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera könnun á kostnaði við að lýsa upp Suðurlandsveg frá Reykjavík um Hellisheiði að Hveragerði. Jafnframt verði leitað leiða til framkvæmda við verkið.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er er Suðurlandsvegur um Hellisheiði aðalsamgönguæð frá Reykjavík til hinna fjölförnu og blómlegu byggða Suðurlandsundirlendisins, auk þess að vera kafla af hringveginum með miklum umferðarþunga. Síaukin samskipti Stór-Reykjavíkursvæðisins og Suðurlands eykur nauðsyn þess að vegurinn sé alltaf opinn. Með tækni og framförum nútímans er vegurinn orðinn hár, beinn og breiður með bundnu slitlagi. En vegna hæðar yfir sjó og náttúrufars eru gjarnan, sérstaklega í skammdeginu, mörg veðrabelti á leiðinni. Fyrirvaralaust skapast oft hættuástand enda hafa orðið mörg alvarleg umferðaslys, sérstaklega á leiðinni úr Hveradölum og niður í Kamba. Því væri æskilegt að fyrsti áfangi í lýsingu vegarins yrði á þessum kafla. Nýta ber þá reynslu sem fyrir liggur um gerð ljósa sem sjást vel í lélegu skyggni.

Hin geysilega fjölgun ferðamanna á leið um Suðurland og lenging ferðamannatímans ýtir á þessa framkvæmd. En fyrst og fremst er það hin stöðuga ferða- og flutningaþörf til og frá Suðurlandi í hvaða veðri sem er sem knýr á um að þetta verði framkvæmt sem allra fyrst.